

85. fundur stjórnar Fræðslunets Suðurlands
haldinn 28.01.10 í Iðu, kl. 17.00

Mætt: Anna Fríða Bjarnadóttir, Guðfinna Ólafsdóttir, Magðalena Jónsdóttir, Gunnar Bragi Þorsteinsson varaformaður og Gylfi Þorkelsson formaður, sem ritaði fundargerð. Auk þeirra sat fundinn Ásmundur Sverrir Pálsson, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Prófamál

Framkvæmdastjóri kynnti. Um áramótin er þjónusta FnS við háskólanemendur formlega lokið. Þjónustan er nú á höndum Háskólafélags Suðurlands. Þessi breyting hefur gengið snurðulaust fyrir sig. Háskólafélagið telur sig geta tekið öll próf háskólanemenda til sín í vor. Stjórn samþykkir að próf á vegum annarra aðila, sem nokkuð hefur verið um, verði ekki haldin í umsjón FnS hér eftir, enda hvorki aðstaða né mannaflí til að sinna þessari þjónustu.

2. Haustönn 2009, horfur vorönn 2010

Framkvæmdastjóri kynnti. Skráðir nemendur á haustönn 2009 skiluðu sér betur í námskeiðin en áður. Nokkur fækkun hefur orðið á nemendum frá því árið 2008, sérstaklega varðandi íslensku fyrir útlendinga. Námsvísir fyrir vorönn 2010 kom út 11. janúar sl. Önnin fer ágætlega af stað og nokkur námskeið eru mjög vel sótt, orðin full, ýmis handverksnámskeið t.d.

Í Grunnenntaskóla byrjar nýr hópur og sá sem útskrifaðist á haustönn tekur framhaldsnám. Verkefnið „Ungt fólk til athafna“ í tengslum við Vinnumálastofnun er í vinnslu. Samstarf við Starfsendurhæfingu Suðurlands er einnig í vinnslu. Komist öll verkefni sem eru í vinnslu af stað fer að sneiðast um húsnæðispláss, þannig að nóg er að gera og starfsemin blómstrar. Útlit er fyrir að Fræðslunetið muni halda í horfinu frá síðasta ári, sem er mjög jákvætt í þessu árferði.

3. Hátíðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs FnS.

Hátíðarfundurinn verður haldinn 12. febrúar nk. Borist hefur staðfesting frá forsetaskrifstofu um að forseti Íslands geti komið þann dag til að afhenda styrk Vísinda- og rannsóknarsjóðsins. Drög að dagskrá fundarins, sem fram fer í Fjölbrautaskóla Suðurlands, voru lögð fram. Samband sunnlenskra sveitarfélaga/Menningarráð Suðurlands hefur óskað eftir því að fá að afhenda Menntaverðlaun Suðurlands við þetta tækifæri.

4. Tölvukaup

Gunnar Bragi Þorsteinsson vék af fundi undir þesum lið. Framkvæmdastjóri kynnti. Staðan er orðin þannig með aukinni starfsemi að hún kallar á tölvur. Aðgangur hefur verið að tölvuvagni Fjölbrautaskólans, með 5 tölvum, en það er núorðið langt frá því nóg. Með nýjum tölvum verður

hægt að halda tölvunámskeiðin að mestu leyti innanhúss, í stað þess að leigja húsnæði í tölvustofum Fjölbautaskólans. Borist hefur hagstætt tilboð í 12 tölvur frá TRS. Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til þess að ganga til samninga skv. tilboði um kaup á 12 tölvum fyrir Fræðslunetið.

5. Önnur mál

- a) Guðfinna minntist á fyrirlestra sl. haust sem haldnir voru í tilefni af 10 ára afmæli Fræðslunetsins sem. Hún sagði fyrirlestrana hafa verið góða en lítil mæting á þann síðasta. Hún spurði hvort FnS væri með eitthvert kerfi til að minna fólk á slíka hluti. Framkvæmdastjóri svaraði því til að hringt væri í alla sem skrá sig. Rætt var um möguleika á sms skilaboðum eða öðrum aðferðum til að minna fólk á námskeið og viðburði á vegum fræðslunetsins. Almennt hafa heimtur verið góðar og batnað undanfarið en þetta er umhugsunarefni, hvernig má leysa slík mál.
- b) Framkvæmdastjóri sagði frá horfum varðandi rekstrarreikning síðasta árs. Útkoman lítur út fyrir að verða góð. Reikningurinn er að verða tilbúinn til undirritunar og verður lagður fyrir næsta fund.
- c) Framkvæmdastjórar fræðslumiðstöðvanna funduðu á Hótel Örk fyrir skemmstu og fóru yfir málin. Víðast um landið þenst starfsemin út, eins og hér.